

Pési



Lesið þetta

- Nýtt ár-ný verkefni
- Fjölgun íbúa
- Auglýsingar
- Sparidagar á Örkinni
- Körfuboltinn

Næsti Pési kemur út 16. febrúar. Skil á efni er 13. febr.

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Listaverk	3
Skipulagsmál	4
Hundahlald	5
Leikskólinn	13
Karfan	14

Janúar 2007
Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Ísólfur Gylfi Pálmason
Heimasíða: www.fludir.is

Hrunamannahreppur
Akurgerði 6
845 Flúðir

17. árgangur. 201. tölublað pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Lausir hundar

Hundar eru vinsæl gæludýr og af sumum taldir bestir vinur mannsins. Hins vegar er því ekki að leyna að lausir hundar hér í þéttbýlinu fara mjög í taugarnar á mörgum íbúum hreppsins. Einstaka hundur hefur hrellt hestamenn sem eru nú í óða önn að viðra gæðinga sína eftir hvíld um hríð. Þess er vinsamlegast farið á leit við hunda-eigendur að þeir gæti þess að hundar spáseri ekki frjálsir hér um hlöðin íbúum og gestum til leiðinda og hugarangurs.

Hrunamönnum fjölgar

1. desember s.l. voru 787 íbúar í Hrunamannahreppi og hafði fjölgað um 2.6% milli ára en 1. desember 2005 voru íbúar hreppsins 767. Alls eru 419 karlar í hreppnum og 368 konur. Þessar tölur komu í ljós eftir ýtarlegar rannsóknir hjá Hagstofu Íslands. Af þessu má sjá að allar tröllasögur um að karlar séu mun færri en konur í hreppnum eru stórlega ýktar.

Íþróttahúsið á Flúðum
Opnunartími:
Mánudaga til fimmtudaga
15:30-21:00
Föstudaga. 13:00-20:00
Laugardaga. LOKAÐ
Sunnudaga. 15:30-20:00

Nýtt ár – ný verkefni

Áramót er tími uppgjörs og endurskoðunar. Um leið og við horfum um öxl lítum við einnig fram á veginn. Mikið hefur verið um að vera í hreppnum okkar á s.l. ári. Nýtt íbúðahverfi er í uppbyggingu í Austurhofi sem vonandi verður fullbyggt og fullfrágengið á komandi sumri og einnig bætast við íbúðarhús í Hofatúni. Þá eiga sér stað miklar breytingar í landbúnaði, Mörg nýtískuleg fjós hafa verið tekin í notkun á undanförunum árum og eru þau táknræn fyrir nútímataeknina sem rutt hefur sér til rúms á æ fleiri sviðum í okkar daglega lífi. Hagur sauðfjárbænda er betri en verið hefur um langan tíma. Á næsta ári verður nýtt svæði tekið undir iðnaðar- og atvinnuhúsnæði því iðnaðarlóðirnar á Flúðum í eldra iðnaðarhverfinu eru nú fullbyggðar. Þá hefur einnig verið úthlutað þeim garðyrkjulóðum sem hafa verið skipulagðar. Breytingar eiga sér stað í ylræktinni sem og í öðrum landbúnaðargreinum. Mikil framleiðsluaukning hefur orðið á grænmeti og er afar jákvætt að fylgjast með markaðsetningu þeirrar vöru, merkingu og hve markaðshlutdeild innlendrar vöru hefur aukist. Hér er einnig um einstaka vöru að ræða hvað hollustu varðar, sömu sögu má segja um markaðssetningu íslenskrar mjólkurvöru. Nýja neysluvatnsveitan okkar hefur þegar sannað gildi sitt enda er gott neysluvatn undirstaða góðrar landbúnaðarframleiðslu. Mörg brýn verkefni bíða okkar á nýju ári þar má m.a. nefna áframhaldandi verkefni sem tengjast Flúðaskóla þar þarf m.a. að bæta aðstöðu við handmenntakennslu sem lítur að vinnslu í tré en aðstaða til myndmennta og annarrar handmenntakennslu var stórbætt á síðasta ári þegar nýjar stofur voru teknar í notkun þar sem gamli leikskólinn okkar var í húsnæði íþróttahússins. Í undirbúningi eru byggingar íbúðarhúsa fyrir aldraða sem JÁVERK mun byggja og leigja þeim sem áhuga hafa á að búa í slíku húsnæði en eins og áður hefur komið fram hefur Sigrún Tómasdóttir heitið að gefa hreppnum land undir þessar íbúðir í landi sínu. Gylfi Gíslason framkvæmdastjóri fyrirtækisins kynnti hugmyndir að uppbyggingu svæðisins á fundi fyrir skömmu.

Nýtt gistiheimili verður fullgert á árinu og er enn einn þáttur í aukinni þjónustu við ferðamenn, einnig er í bígerð að einstaklingar taki að sér að byggja upp ný tjaldsvæði við Flúðir eins og mjög lengi hefur staðið til.

Verkefnin eru ærin og tækifærin fjölmörg bæði fyrir einstaklinga, fyrirtæki og sveitarfélagið. Sveitarstjóri og sveitarstjórn óskar öllum íbúum Hrunamannahrepps gleðilegs nýs árs með von um góða samvinnu á árinu.

Ísólfur Gylfi Pálmason,
Sveitarstjóri.

Fréttir frá skrifstofu Hrunamannahrepps

Tillaga að listaverki

Í haust var sett á laggirnar sérstök nefnd til þess að gera tillögu að hugsanlegu listaverki sem tengdist 100 ára fæðingarafmæli Sigurðar Ágústssonar, tónskálds og bónda frá Birtingaholti. Ákveðið var að fá tvo listamenn, sem tengdust svæðinu til að gera tillögu að listaverkinu. Þetta voru listamennirnir Brynhildur Þorgeirsdóttir frá Hrafnkelsstöðum og Helgi Gíslason sem m.a. á hér sumarhús og er mikið hér í hreppnum. Nefndinni var mikill vandi á höndum þar sem báðar tillögurnar voru spennandi. Hins vegar var nefndin sammála um það að velja tillögu Helga. Gert er ráð fyrir að listaverk þetta verði sett upp í fyrirhuguðum lystigarði sem þegar hefur verið skipulagður þar sem tjaldsvæðið er á Flúðum í dag á svæðinu við Félagsheimilið.

Vel heppnað jólahald

Lífið er að komast í gang á nýju árið eftir notalegt jólahald hér í hreppnum. Jólin eru tími hefða með adventukvöldi, litlu jólunum í skóla- og leikskóla. Að vanda sá kvenfélagið um jólatrésskemmtun sem tókst að vanda með miklum ágætum. Björgunarsveitin er mjög virk á þessum tíma þeir aðstoða við uppsetningu jólaljósa sjá um flugeldasölu og flugeldasýningar. Slökkviliðsmenn ganga í hús til þess að fylgjast með eldvörnum o.m.fl. mætti nefna. Skötuveislur eru í veitingahúsum í hreppnum og á Útlaganum geta menn tekið sporið eða svalað þorsta eftir að hafa borðað hangikétið sem oft er svolítið salt og þá þarf að fá vökva til þess að svala mesta þorstanum. Öllum þeim sem leggja sitt að mörkum með sjálfboðavinnu og öðru til þess að jólahaldið fari vel fram er þakkað.

Mögnuð áramótabrenna!

Um langt skeið hefur Tómas Þórir Jónsson stuðlað að því að safna saman öllu því timbri sem til fellur í hreppnum til þess að byggja upp veglegar brennur annars vegar að sumri og hins vegar um áramót. Að vanda var bálkösturinn myndarlegur en hann var hlaðinn upp í landi Sunnuhlíðar með góðfúslegu leyfi þeirra Guðrúnar Emilsdóttur og Guðmundar Ísaks Pálssonar. Guðjón Birgisson var brennustjóri og þótti fólki mikið til brennu og flugeldasýningar koma en Björgunarfélagið Eyvindur sér um flugeldamál hér. Hrunamenn eru skotglaðir og kunna vel að meta stemningu sem tilheyrir jólum og áramótum eins og svo margir aðrir. Mjög færist í vöxt að sumarhúsaeygendur séu í bústöðum sínum á þessum tíma.

Enn eru húsgögn endurnýjuð

Á síðustu árum höfum við endurnýjað húsgögn í Félagsheimili Hrunanna og hefur Guðmundur Karl húsvörður verið ötull að sjá til þess. Einnig höfum við verið að vinna að viðhaldi, nú síðast var verið að endurnýja skotrennur o.fl. á þaki til þess að koma í veg fyrir leka. Nú er verið að afla tilboða í þjófavarnar og brunakerfi í félagsheimili, íþróttahús og skóla en allt þetta er hluti af búnaði sem nauðsynlegt er að hafa í slíkum húsum. Nokkuð er um að hópar skóla- og íþróttafólks gisti hér. Þetta tengist íþróttu og æskulýðsstarfi. Á dögnum komu hér MR ingar og vildi Guðmundur húsvörður sérstaklega taka fram hve vel þeir gengu um og voru í alla staði til fyrirmyndar. Þetta minnir okkur á hve mikið af efnilegu æskufólki við eigum hér í hrepp og á landinu öllu en oft gleymist það, því meiri athygli er vakin á því sem miður fer en því sem vel er gert.

Nýtt iðnaðarsvæði og nýtt íbúðasvæði

Deiliskipulagstillaga um nýtt iðnaðarhúsasvæði er í auglýsingaferli. Þar er gert ráð fyrir 23 iðnaðarhúsalóðum sem afmarkast af flugvellinum að austanverðu og fyrirhuguðum nýjum þjóðvegi að vestanverðu. Talsvert er spurt um þessar nýju lóðir og þegar auglýsingaferlinu lýkur og deiliskipulagið samþykkt af hreppsnefnd verður fyrst hægt að útluta lóðum í þessu nýja iðnaðarsvæði. Einnig er í auglýsingaferlinu deiliskipulagstillaga um íbúðasvæði í landi Grafarbakka. Á svæðinu er gert ráð fyrir þremur tveggja hæða húsum með alls um 40 íbúðum og að auki er gert ráð fyrir þremur einna hæða byggingum fyrir bílskúra og sameiginlegar geymslur.

Fjárhagsáætlun

20 desember s.l. var fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps fyrir árið 2007 samþykkt samhljóða. Fjárhagsáætlunin er vegvísir okkar í rekstri inn í nýtt ár. Rekstur sveitarfélagsins gengur betur en stundum áður. Hins vegar er reksturinn mjög viðkvæmur og lítið má út af bregða. Þetta á ekki bara við okkar sveitarfélag heldur mjög mörg önnur. Skyldur okkar eru miklar og oft kostnaðarsamar. Að vanda fer afar stór hluti tekna okkar til menntamála sem eru skóli, leikskóli, tónlistarskóli þátttaka í rekstri fjölbrautaskóla o.fl. Aðrir háir kostnaðarliðir eru rekstur vatnsveitu en um nokkurt árabíl hefur verið varið miklu fé til veitunnar sem hefur verið að styrkjast á síðustu árum. Við greiðum mikla peninga með veitunni, sömu sögu er að segja um sorphreinsun. Eðlilegt er að í framtíðinni standi þessir liðir undir sér. Eðlilegt er einnig að atvinnurekendur semji beint við verktaka í sorphirðu – þannig að í framtíðinni getum við hætt að innheimta hjá þeim aukasorp gjöld o.þ.h. Fólk er hvatt til þess að flokka sorph, nýta blaðagáma við Verslunina Strax o.fl. til þess að draga úr heimilisúrgangi. Akveðið hefur verið að hirða sorph í hreppnum á hálfsmánaðarfresti m.a. til þess að draga úr kostnaði.

Lýkópen tómatar

Enn ein nýjungin er að ryðja sér til rúms í ylræktarframleiðslunni á Flúðum. Í Garðyrkjustöðinni Melum á Flúðum er farið að rækta og selja svokallaða lýkópen tómata. Magnús Á Ágústsson, Skeiðamaður og garðyrkjuráðunautur segir að hér sé um markfæði (Functional Food) vegna þess hve auðvelt er fá lýkópen eða að lágmarki 9 mg á 100 g sem er þrefalt það magn sem mælist í hefðbundnum tómötum. Lýkópen er í flokki karótínóíða og gefur tómötum rauðan lit og er öflugt andoxunarefni . Sú tilgáta hefur verið sett fram að síðustu árum að lýkópen veiti vörn gegn hjartasjúkdómum og krabbameinum í blöðruháskirtli og meltingarvegi og styðja nokkrar faraldsfræðilegar rannsóknir þá tilgátu að sögn Magnúsar.



Opnunartími Versl. Strax .

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

Verið velkomin.
Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

Eldhúsborð til sölu.

Sporöskjulaga eldhúsborð til sölu. Stærð: 1x1,80m, spónlagt beyki á stálfótum.

Upplýsingar í síma: 4866513



virðing vltreskja Hrunamannaleppur, 645 Flúðir, sími 480 6610, fax 480 6614, fludaskoli@fludaskoli.is

Starfsmann vantar í 70 % starfshlutfall í ræstingu við Flúðaskóla.

Vinnutími er samkomulagsatriði, laun samkvæmt kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga og FOSS.

Upplýsingar veitir Guðrún Pétursdóttir skólastjóri í síma 480 6611 gudrunp@fludaskoli.is og

Ragnhildur Birgisdóttir aðstoðarskólastjóri í síma 480 6610 og 480 6612

ragnhildur@fludaskoli.is

Sparidagar á Hótel Örk, bjóðast Félagi eldri Hrunamanna dagana 18—23. febrúar n.k. Verð pr. mann í tveggja manna herbergi kr 29.800.

Félagsaðild er ekki skilyrði fyrir dvöl á sparidögum.

Morgunverður af hlaðborði og þriggja rétta kvöldverður alla dagana.

Dagskrá frá morgni til kvölds

í umsjá Gunnars Þorlákssonar

Pantanir þurfa að berast sem fyrst til Eiríks í síma:

486 6545 eða 861 0272

Jóganámskeið

10 tíma jóganámskeið hefst á Flúðum 18. janúar.

Kennt verður á fimmtudögum kl. 20:30.

Nánari upplýsingar og skráning hjá Aðalheiði

í síma 486 6777 eða 898 0677

Sundlaugin á Flúðum

Opnunartími.

Mánudaga til fimmtudaga 16:30-21:00

Laugardaga. 10:00-18:00

LOKAÐ á föstudögum og sunnudögum

Vörðukórinn hefur nú hafið starfsemi að nýju eftir jólafrí. Framundan er áhugavert starf. Við auglýsum hér með eftir áhugasömu fólki til að ganga til liðs við okkur. Æfingar eru á miðvikudagskvöldum kl 20:30 og í janúar æfum við í Félagsheimili Hrunamanna.

Nánari upplýsingar hjá stjórninni.

Badda 864-5534 Sigrún 893-6084 Helgi 898-0913

SMÁRI



Smárafélagar.

Nú líður að aðalfundi sem haldinn verður í Árnosi þann 25 jan n.k. kl 20:30.Venjuleg aðfundarstörf. Eitt af stóru málunum sem þar verða tekin fyrir er að sjálfsögðu reiðhallarmál og vallarmál, gaman væri að sjá sem flesta félagá á fundinum þar sem þetta virðist brenna á mörgum, við viljum að sjálfsögðu fá skoðanir ykkar á þessu máli þar sem það skiptir miklu um hvernig framtíðin verður hjá félaginu. Þetta er stór ákvörðun og hana verðum við að taka saman vegna þess að koma upp húsi sem þessu hefst ekki nema með sameiginlegu átaki okkar allra.

Stjórnin

Frá Félagi eldri Hrunamanna

Hið árlega þorrablot félagsins verður haldið á Hótel Flúðum miðvikudaginn 31. janúar.

Allir Hrunamenn 60 ára og eldri velkomnir.

Húsið opnar kl. 19:00 og borðhald hefst kl.19:30.

Miðapantanir þurfa að berast í síðasta lagi fyrir sunnu-

daginn 28. janúar. Tekið verður við pöntunum hjá

Bubbu í síma 486 6670, Lofti í síma 486 6715 og

Önnu í síma 486 6614

Með félagskveðju.

Stjórnin.

FLÚÐALEIÐ ehf . og FLYTJ- ANDI

Ferðaáætlun í uppsveitir Árnassýslu

Brottför frá Reykjavík (VM Flytjanda, Klettagörðum
15): alla virka daga

kl: 13.00.

Brottför frá Selfossi (Húsasmiðjuni, Byko og Flytj-
anda): alla virka daga **kl: 14.00.**

Aukaferð farinn frá Reykjavík
kl: 16.00 alla föstudaga.

Flytjum áburð og skeljasand fyrir alla áburðarsölu-
aðila.

Allar nánari upplýsingar gefur Pálmar á Flúðum í
síma: 892-2370

Aðrir símar:

Vöruafgreiðsla: 486-1070

Gregor: 892-2371

Halldór: 892-2372

Heimasími: 486-6685

Fax: 486-6693

Netfang: fludaleid@simnet.is

Flúðaleið ehf. og Flytjandi

Flugeldasýning björgunarfélagsins Eyvindar 2007 var í boði eftirtalinna aðila:

**Allt í Hund og kött, Áhaldahúsið Steðji
Bólfélagar ehf, BR Sverrisson ehf
Búnaðarfélag Hrunamanna, Flúðafiskur
Emil Rafn Kristófersson, Flúðaleið
Flúðasveppir, Fögrusteinar
Gistiheimilið Flúðum, Graðverk
Gröfutækni, Hannes Bjarnason
Hitaveita Flúða, Hnúkur slf
Hrunamannahreppur, Hús og stigar
Íslenskt Grænmeti, Jörfi
Kaffi Sel, Krakkarnir á Fossi
Landstólpi, LímtréVírnet
Skúli Guðmundsson Pípari, Strax Flúðum
Útlaginn, Vélaverkstæðið Klakkur**

**Við þökkum þeim kærlega fyrir sýninguna og
vonum að allir hafi notið hennar.**

**Kveðja Björgunarfélagið Ey-
vindur**



VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsbað

Húðhreinsun

Litun og plokkun

Handsnyrting

Fótsnyrting

Förðun

Vaxmeðferðir

*Tímappantanir í síma 566-8342
og 856-1599(Hlíf)*



Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna
föstudagana 12. jan, 26. jan
og 9. febr.

Pantið tímanlega.

Tímappantanir í síma:

486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.

Einnig á hársnyrtidegi **893-6084** og **899-9665**.

Minni einnig á Hárgreiðslustofuna í Árnesi

Sími 893-6084

Vantar þig lærðan múrara?

Hafðu þá samband í síma 867 6698


Jón Gunnar Sigurðarson

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

Rafverktaki



Hjörleifur Ólafsson
Löggiltur rafvirkjameistari

Sími: 4806600



Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620 Netfang undraland@fludir.is

Leikskólafréttir

KARLADAGUR OG KONUDAGUR

Í janúar og febrúar verða sérstakir karla- og konudagur hér í leikskólanum Undralandi. Tilgangurinn með þessum dögum er að virkja foreldrasamstarfið og þá sérstaklega feðurna. Feður eru ekki eins áberandi og mæður í samskiptum heimilis og skóla. Okkur finnst að leikskólinn þurfi að leggja ríkari áherslu á að fá feður í meira samstarf.

Til þess að sem flestir geti mætt á karla- og konudegi höfum við leikskólann opinn upp á gátt allan daginn og vonumst til þess að foreldrar gefi sér tíma með barninu sínu í leikskólanum.

Mikilvægt er að mikið og gott samstarf sé á milli heimilis og skóla. Ekki eingöngu til þess að börnunum líði vel heldur líka foreldrum og leikskólakennurum.

Ef foreldrar geta ekki mætt v/óviðráðanlegra aðstæðna þá getur barnið boðið, afa eða frænda á karladegi / ömmu eða frænku á konudegi.

Halldóra Halldórsdóttir, deildarstjóri

Stækoma þar með
tručki

Landflutningar
SAMSKIP

**Brottför frá Flúðum
Kl. 08:00 mánud. til föstudaga.
Brottför frá Landflutningum Reykjavík
Kl. 12:00 mánud. til föstudaga.
Vöndull ehf Högnastíg 1.
Jóhann Unnar Guðmundsson.
Sími: 856-1580**



KB BANKI

Hraðbankinn
er opinn allan sólarhringinn.

Afgreiðslutími á Flúðum:
mánudaga til föstudaga: 11:15-16:00
Viðtalstími bankastjóra á
miðvikudögum 13:30-15:45

Sími. 480-4700.



Körfubolta- fréttir



keppnistímabilið

2006-2007

Á yfirstandandi keppnistímabili eru sjö lið yngri flokka skráð til leiks í Íslandsmótum. Hafa liðin staðið sig feiknarvel og er hart barist á mörgum vígstöðum, þó með góðan íþróttanda að leiðarljósi.

Meistaraflokkarnir okkar taka þátt í 2.deild Íslandsmótsins standa sig vel eins og áður. Stelpurnar eru nú þegar búnar að jafna sigurleiki sína frá því í fyrra og stefna ótrauðar á að bæta þann árangur. Strákarnir hafa æft vel í haust með stóran og góðan leikmannahóp. Þeir eru sem stendur í efsta sæti sín riðils af fimm liðum, með 5 sigra og 1 ósigur.



Körfuknattleiksdeildin eignaðist nokkra dómara á dögumum, en dómaranefnd KKI stóð fyrir dómaranámskeiði á Flúðum í lok nóvember. Þeir Aron Tommi Skaptason, Árni Þór Hilmarsson, Hjálmur Hjálmsón, Hörður Jóhannsson og Sigurður Sigurjónsson þreyttu allir dómarapróf sem þeir stóðust með glans.

Á haustdögum fjárfesti körfuboltadeildin í skotklukku og fékk góðan stuðning frá fyrirtækjum.....

Milli jóla og nýárs fóru þær Hildur Guðrún Þorleifsdóttir, Elma Jóhannsdóttir, Heiðrún Kristmundsdóttir, Elísabet Thorsteinson og Guðrún Margrét Gísladóttir og æfðu körfubolta með Breiðablik.




Þann 30. desember var haldin firmakeppni í Íþróttahúsinu á Flúðum. Þau fyrirtæki sem styrktu deildina í þessari keppni eru: Árvirkinn, Auðsholtsbúið, Birtingaholtsbúið, Bjarni Sverrisson, Dýralæknaþjónusta Suðurlands, Félagsbúið Tungufelli, Flúðafiskur, Flúðaplast, Flúðasveppir, Foss ehf, Fossraf, Garðyrkjustöðin Brún, Garðyrkjustöðin Flúðasel, Gróður ehf Hverabakka, Hrunamannahreppur, Högnastaðabúið, Kópsvatnsbúið, Lagnaþjónustan ehf, Bjarkahlíð, Berghylsbúið, Búvélar, Fjósabúið Túnsbergi, Flúðaleið, Flúðaskóli, Gistiheimilið Syðra-Langholti, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Golfskálinn, Golfvöllurinn Ásatúni, Gröfutækni, Hár-Hrun, Heimir málarí, Íþróttahúsið Flúðum, Landflutningar, Nesity, SR-grænmeti, Sundlaugin Flúðum, Útlaginn, Vélaverkstæðið Klakkur, Úlfar Harðarson – hönnuður og vinnuvélar, Verslunin Strax, VÍS, Foss-stál, Hjallihrossarækt, Fögrusteinar, Hrepphólabúið, Landsstólpi, Guðmundur Magnússon, Jóhannes Sigmundsson, Bryðjuholtsbullurnar.

Í lok janúar er fyrirhugaður fjáröflunardagur hjá deildinni. Þar ætlum við að vera með tombólu, uppboð.....

Eins og sjá má er margt að gerast hjá þeim sem æfa körfubolta hjá UMFH. Til þess að þetta starf geti gengið upp er nauðsynlegt að borga æfingagjöld. Þau standa undir launum þjálfara.

Í þessum rituðum orðum eru útistandandi ógreidd æfingagjöld upp á 500.000. og hvetjum við til að þessi gjöld verði greidd strax. Á næstu dögum verða ógreiddir reikningar sendir í innheimtu hjá Intrum á Íslandi.

Með von um gott samstarf, stjórni og þjálfarar.



***Skrifstofa Hrunamannahrepps
Opnunartími hreppsskrifstofu
Alla virka daga
Frá kl. 09:00-12:00 og 13:00-16:00.***

